

07.14

# Kvenna listinn

## FRÉTTATILKYNNING FRÁ LANDSFUNDI SAMTAKA UM KVENNALISTA AD LÝSUHÓLI 4.-6. NÓV. 1988.

Hugmyndafræði og efnahagsmál voru helstu umræðuefni landsfundar Samtaka um Kvennalista, sem haldinn var að Lýsuholi á Snæfellsnesi 4.- 6. nóv. Tæplega 100 konur viðs vegar að af landinu sóttu fundinn.

I umræðum um hugmyndafræði var rætt um skipulagsmál Samtakanna, útskiptingu erindreka þeirra á þingi, i sveitarstjórnunum, i nefndum og ráðum, hvernig þær reglur kemu sér og hvort endurskoðunar væri þörf. Kvennalistakonur munu ekki hvika frá þeirri stefnu sinni að beita útskiptingarreglunni til að dreifa ábyrgð og virkni meðal félagskvenna og opna leiðir til þess að sem flestar geti haft áhrif á lifið í landinu.

Þáttur Kvennalistans í stjórnarmyndunarviðræðunum í haust var til umræðu. Skoðanir voru mjög á einn veg um þá ákvörðun að taka ekki þátt í ríkisstjórn að þessu sinni, enda var sú ákvörðun tekin að höfðu samráði við alla anga listans.

Kvennalistinn getur aldrei tekið sæti í ríkisstjórn sem afnemur samningsrétt og sviptir þannig fólk grundvallarmannréttindum. Konum bar ekki saman um hversu vel hefði gengið að koma því til skila á hvaða forsendum Kvennalistinn hafnaði sæti í ríksstjórninni.

Kvennalistakonur eru sammála um það að styðja ríkisstjórnina í þeim málum sem þær telja mikilvægt að fái framgang. Afstaða verður tekin, framvegis sem hingað til, i hverju máli fyrir sig án tillits til þess hver flytur það.

I efnahagsmálaumræðunum voru flutt erindi um launa- og skattamál, vexti og visitölu, húsnaðismál, sjávarútvegs- og landbúnaðarmál. Heitastar urðu umræðurnar um þessa two síðasttöldu málaflokka og um atvinnu- og launamál.

Konur úr öllum atvinnugreinum og frá öllum landshlutum lýstu yfir áhyggjum vegna efnahagsástandsins. Samkvæmt nýjustu könnunum hefur vinnuálag kvenna aukist mikið síðustu ár en meðaltekkjur þeirra samanborið við tekjur karla hafa minnkað og nú er svo komið að við blasir atvinnuleysi, sem fyrst og fremst bitnar á konum eins og ævinlega. Það eru vinnustaðir kvenna sem verið er að loka um allt land.

Í umræðum um sjávarútvegsmál kom fram hörð gagnrýni á hentistefnu og jafnvel stefnuleysi. Á meðan frystihúsin eru verkefnalaus er ísfiskur fluttur óunnninn úr landi likt og beinlinis sé verið að stuðla að atvinnuleysi. Stefnumörkun í sjávarútvegi og markviss gæðastýring frá veiðum til vinnslu er nauðsynleg. Sú stefna að binda fiskveiðikvótann við skip hefur reynst dýrkeypt mörgum byggðarlögum. Nær hefði verið að fara að tillögum Kvennalistans um skiptingu kvótans milli byggðarlaga og tryggja með því rétt þeirra til að hafa áhrif á þróunina.

Miklar umræður urðu einnig um landbúnaðarmál. Á þessu ári hafa reyndar verið tvær landbúnaðarráðstefnur á vegum Kvennalistans. Enn kom fram hörð gagnrýni á stjórnvöld vegna skipulagsleysis og á það milliliðakerfi sem við gengst í landbúnaði. Nú þegar jafnvægi hefur náðst í mjólkurframleiðslu verður að leysa annað vandmál sem er afkomuöryggi sauðfjárbænda. Einnig var rætt um framleiðslustjórn og nauðsyn þess að eignargerar ekki fullvirðisréttinn, þ.e.a.s. að hann sé bundinn við jarðir en ekki ábúendur.

Landsfundur Kvennalistans er fyrst og fremst vinnufundur. Þar hittast allir angar listans á einum stað, bera saman bækur sínar með því að lita yfir og meta farinn veg og endurskoða stefnuskrána í ljósi síbreytilegra aðstæðna. Má því segja að landsfundur sé liður í slitendalausum samræðum Kvennalistakvenna um stöðu kvenna og þjóðmálin. Þess vegna hefur landsfundur eiginlega hvorki upphaf né heldur getur hann endað á hefðbundinni alhæfandi stjórnmalayfirlýsingu með gyllibodum og töfralausnum.